



203. fundur Skólanefndar FS 7. febrúar 1996

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Bogi Hallgrímsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðjón Kristjánsson, Inga Birna Antonsdóttir, Einar Trausti Óskarsson, Ólafur Sigurðsson, Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari, Oddný Harðardóttir aðstoðar-skólameistari og áheyrnarfulltrúinn Jón Ingi Baldvinsson.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. 20 ára afmæli skólans 1996.
 2. Samstarfsverkefni um eflingu starfsmenntunar/fullorðinsfræðslu.
 3. Alþjóðlegt stúdentspróf (International Baccalaureate) - námsbraut við skólann?
 4. Vorferð kennara.
 5. Önnur mál.

1. 20 ára afmæli skólans 1996.

Afmælisnefnd kom á fundinn og kynnti hugmyndir um dagskrá vegna afmælis skólans. Nefndin leggur til að gefið verði út afmælisrit, haldinn verði opinn dagur í mars, haldin verði hátíð í tengslum við útskrift í vor og sett verði upp listaverk í skólanum. Afmælisnefnd vinnur áfram að málinu.

2. Samstarfsverkefni um eflingu starfsmenntunar/ fullorðinsfræðslu.

Ólafur Jón sagði frá vinnu vegna uppbyggingar starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu.

3. Alþjóðlegt stúdentspróf (International Baccalaureate) - námsbraut við skólann?

Ólafur Jón sagði frá hugmynd um að gera tilraun með alþjóðlegt stúdentspróf við skólann.

4. Vorferð kennara.

Kennarar við skólann hafa hug á að fara í námsferð til Skotlands í vor, m.a. til að kynna sér starfsmenntun þar í landi. Nefndin samþykkir að styrkja förina að fenginni heimild Menntamálaráðuneytis.

5. Önnur mál.

a) Rætt um opinn dag í skólum 24. febrúar. Skólinn mun taka þátt í kynningu áfangaskóla á starfsemi sinni en ekki vera með opinn dag.

b) Jón Ingi, aðstoðarskólastjóri Stóru-Vogaskóla, kom á framfæri þökkum til skólans vegna tölvugjafa.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

20 ára afmæli Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Tillaga afmælisnefndar

Afmælisrit

Nefndin leggur til að gefið verði út afmælisrit þar sem saga skólans verður rakin. Jón Böðvarsson og Hjálmar Árnason, fyrrverandi skólameistarar, hafa verið beðnir að skrifa greinar í ritið og Ingólfur Halldórsson, fyrrverandi skólastjóri Iðnskólans, mun skrifa um tildrög þess að Iðnskólinn var lagður niður og varð hluti af Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Í afmælisritinu verður einnig grein eftir Guðbjörgu Aðalbergsdóttur þar sem rakinn er aðdragandi þess að skólinn var stofnaður.

Opinn dagur

Nefndin leggur til að laugardagurinn 23. mars verði opinn dagur í skólanum þar sem almenningi verður boðið að koma til að kynna sér starfsemina. Þennan dag yrði þá kennt með venjulegum hætti í 3-4 klukkutíma (t.d. frá 10:00-14:00) og fólki boðið að koma inn í kennslustundir og fylgjast með.

Eftir að kennslu lýkur er gert ráð fyrir skemmtidagskrá og kaffiveitingum á sal skólans.

Útskriftarhátíð

Í tilefni af afmælinu er vel við hæfi að útskriftarhátíð verði veglegri en ella þar sem fyrrverandi nemendum verður sérstaklega boðið og skólinn býður gestum til veislu að athöfn lokinni.

Listaverk

Rætt hefur verið um að safna fjárframlögum hjá fyrirtækjum á svæðinu til listaverkakaupa í tilefni afmælisins.

5. febrúar '96.
Ingólfur Halldórsson
Guðbjörg Aðalbergsdóttir
Sigmundur Þjórnsson
Erlendur Ketilsson
Yngva Birna Antonísdóttir

Reykjanesbæ, 29. janúar 1996.

Menntamálaráðherra,
hr. Björn Bjarnason.

Efni: Tilraunaverkefni til eflingar starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu á Suðurnesjum.

Í framhaldi af fundi okkar frá því í haust óskar undirritaður, fyrir hönd skólanefndar Fjölbautaskóla Suðurnesja, eftir leyfi menntamálaráðuneytisins til þess að hefja formlegan undirbúning að tilraunaverkefni skólans, aðila vinnumarkaðar og sveitarfélaga um eflingu starfsnáms og fullorðinsfræðslu á Suðurnesjum.

Markmið verkefnisins er að gera tilraun með heildstæða áætlun fyrrgreindra aðila, þar sem áhersla verður lögð á:

- a) stofnun fullorðinsfræðslumiðstöðvar þar sem leitast verður eftir því að samræma námsframboð á Suðurnesjum, efla ráðgjöf og þjónustu við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Þá verður lögð sérstök áhersla á kennslufræði fullorðinna.
- b) að koma á fræðsluráðum fyrir einstök starfsnámssvið framhaldsskólans og starfstengd námskeið fullorðinsfræðslunnar og leitast við að samræma grunn- sí- og endurmenntun á sviði starfsmenntunar með hliðsjón af atvinnulífi á Suðurnesjum.
- c) að koma á nýjum starfsnámsbrautum í samstarfi við fræðsluráð aðila vinnumarkaðar.
- d) stofnun vottunarstofu fyrir starfsmenntun framhaldsskólans og starfstengd námskeið.
- e) eflingu og samræmingu náms- og starfsráðgjafar í samvinnu við vinnumiðlun og Markaðs og Atvinnumálaskrifstofu Suðurnesja.

Í tengslum við verkefnið verður farið í sérstakt kynningarátak þar sem lögð er áhersla á að kynna fyrirtækjum á Suðurnesjum möguleika á starfstengdum námskeiðum og hvatning til þeirra að skilgreina og gera áætlanir um menntun og þjálfun starfsmanna sinna.

Gert er ráð fyrir því að verkefnið taki til þriggja ára og að þeim tíma loknum verði verkefnið tekið út af óháðum aðilum.

Leitast verður eftir samstarfi um einstaka þætti verkefnisins m.a. við SCOTVEC (Scottish vocational education council) og RUE (Raadet for uddannelses- og erhvervsvejledning) í Danmörku um starfsráðgjöf. Þá verður einnig reynt að sækja um styrki í m.a. Leonardó áætlun Evrópusambandsins til þessarra þátta.

Virðingarfyllst,

Ólafur Jón Arnbjörnsson,
skólameistari.